

Priðjudaginn 10. maí 1955.

Nr. 128/1954. **Póst- og símamálastjórnin**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Félagi útvarpsvirkja í Reykjavík**

(Gústaf A. Sveinsson)

**og gagnsök.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Um rétt til útvarpsvirkjunar og starfsheitis.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 3. ágúst 1954. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu, dags. 16. ágúst 1954. Gerir hann hér fyrir dómi eftirgreindar kröfur:

1. Að aðaláfrýjandi verði að viðlögðum dagsektum til gagnáfrýjanda eftir mati Hæstaréttar dæmdur til a) að taka upp í atvinnu- og viðskiptaskrá talsímanotenda í Reykjavík og Hafnarfirði í símaskránni undir liðnum „Útvarpsvirkjar“ nöfn útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Jóhanns V. Sigurjónssonar og Ólafs Jónssonar, og undir liðnum „Útvarpsviðgerðir“ nöfn útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, og b) að skrá við nöfn útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Jóhanns V. Sigurjónssonar og Ólafs Jónssonar í stafrófsskránni um talsímanotendur í Reykjavík og Hafnarfirði starfsheiti þeirra „útvarpsvirkjameistari“.

2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda fyrir hvern einstakan útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Jóhanns V. Sigurjónssonar og Ólafs Jónssonar skaðabætur fyrir atvinnuspjöll og aukin útgjöld með kr. 5000.00.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að greiðsla dagsekta skal hefjast 60 dögum eftir birtingu dóms þessa, ef aðaláfrýjandi hefur þá ekki fullnægt verkskyldu sinni eftir dómnum.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðsla dagsekta skal hefjast að liðnum 60 dögum frá birtingu dóms þessa, ef aðaláfrýjandi, Póst- og símamálastjórnin, hefur þá ekki fullnægt verkskyldu sinni samkvæmt dómnum.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Félagi útvarpsvirkja í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Félag útvarpsvirkja í Reykjavík f. h. eftirtalinna félagsmanna sinna þeirra: Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Ólafs Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, allra hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. október f. á., gegn Póst- og símamálastjórninni, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur:

að stefnda verði skylduð til að taka upp í starfsskrá símaskrárinnar undir lið „Útvarpsvirkjar“ nöfn allra fyrrnefndra manna og einnig undir lið „Útvarpsviðgerðir“ nöfn þeirra Friðriks A. Jónssonar og Jóhanns Sigurjónssonar,

að við nöfn allra nefndra manna verði í stafrófsskránni um tal-símanotendur í Reykjavík í símaskránni skráð starfsheiti þeirra „útvarpsvirkjameistari“,

að stefnda verði dæmd til að fullnægja framangreindum dómkröfum að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda eftir mati dómarans,

að stefnda verði dæmd til að greiða hverjum einstökum oftnefndra manna kr. 5000.00 í skaðabætur fyrir atvinnuspjöll og aukin útgjöld vegna aðgerða stefndu og

að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara.

Stefnda hefur krafizt sýknu af öllum framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Í símaskrá Landssíma Íslands 1950 voru nöfn oftnefndra félagsmanna stefnanda, þeirra Friðriks, Georgs, Ólafs og Jóhanns, felld niður úr viðskiptaskrá símaskrárinnar undir lið „Útvarpsviðgerðir“ svo og undir lið „Útvarpsvirkjar“. Þá var titill Ólafs Jónssonar „útvarpsvirkjameistari“ felldur niður við nafn hans í talsímanotendaskrá símaskrárinnar. Samkvæmt vottorði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 4. þ. m., hafa allir þessir menn öðlazzt meistararéttindi í útvarpsvirkjun, Friðrik hinn 26. október 1942, Georg hinn 28. janúar 1943, Ólafur hinn 21. ágúst 1944 og Jóhann hinn 27. júlí 1950. Er prentun símaskrárinnar 1954 var í undirbúningi, fengu þeir Friðrik, Georg og Jóhann vitneskju um, síðla árs 1953, að felldur yrði niður úr símaskránni titill þeirra „útvarpsvirkjameistari“. Mótmæltu þeir þessari fyrirætlun, og áður höfðu þeir allir, að Ólafi meðtöldum, mótmælt aðgerðunum 1950 og krafizt leiðréttingar, en án árangurs. Oftnefndir 4 menn kröfðust þess síðan allir, að titill þeirra „útvarpsvirkjameistari“ yrði tekinn upp við nöfn þeirra í talsímanotendaskrá símaskrárinnar 1954 og nöfn þeirra undir liðunum „Útvarpsviðgerðir“ og „Útvarpsvirkjar“ í viðskiptaskrá símaskrárinnar, en þeim kröfum hafnaði Póst- og símamálastjórnin sem óréttmætum. Höfðaði þá stefnandi mál þetta, en þar sem á daginn kom við útkomu símaskrárinnar, að nöfn þeirra Georgs og Ólafs höfðu verið tekin upp í skrána undir „Útvarpsviðgerðir“ og „Viðtækjavinnustofa Georgs Ámundasonar“ upp í talsímanotendaskrána, þá breytti stefnandi við munnlegan flutning málsins kröfum sínum frá stefnu í það horf, er að framan greinir.

Reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að framangreindar aðgerðir stefndu gagnvart nefndum félagsmönnum hans séu algerlega tilefnislausar og ólöglegar. Þar sem allir áðurnefndir menn séu útvarpsvirkjameistarar að iðn, sé þeim að sjálfsögðu heimilt að stunda þá iðn sína og eigi rétt á að fá nöfn sín tekin upp í símaskrá Landssíma Íslands á þann hátt, er að framan segir.

Þá telur stefnandi, að fyrrgreindar aðgerðir stefndu hafi bakað oftnefndum félagsmönnum hans álitsspjöll og atvinnutjón og haft í för með sér bein fjárútlát fyrir þá, þar sem þeir hafi ekki notið hagræðis af því auglýsingagildi, sem skráning þeirra í símaskrá á hinn umkrafða hátt hefði haft í för með sér.

Stefnda reisir sýknukröfuna á því, að samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 30 frá 1941 og reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit

fjarskiptamála nr. 70 frá 1942 hafi ríkisstjórnin einkaleyfi á hvers konar útvarpsvirkjun, sölu og dreifingu tækja, viðgerðum o. fl. Hún geti, að fullnægðum vissum skilyrðum, veitt einstökum mönnum, félögum og stofnunum leyfi til slíkrar virkjunar. Stefnda hafi slíkar leyfisveitingar með höndum í umboði ríkisstjórnarinnar. Enginn þeirra einstaklinga, er stefnandi hafi höfðað mál fyrir, hafi fengið leyfi til útvarpsvirkjunar. Telur stefnda því, að þeir hafi ekki heimild til að starfa að útvarpsvirkjun, og geti hún því réttilega neitað þeim um skráningu nafna þeirra í símaskrána á þann hátt, er um getur í málinu. Þá bendir stefnda á, að enginn oftnefndra manna hafi sótt um leyfi til hennar til útvarpsvirkjunar, en telur, að slíkar umsóknir þeirra myndu verða teknar til velviljaðrar athugunar. Loks mótmælir stefnda því sérstaklega, að einstaklingar þeir, er stefnt er út af, hafi beðið nokkurt fjárhagstjón eða orðið fyrir nokkrum álitsspjöllum vegna aðgerða hennar.

Í 1. gr. laga um fjarskipti nr. 30 frá 1941 eru orðin „fjarskipti“ og „fjarskiptavirki“ skilgreind, og falla undir þá skilgreiningu útvarp og útvarpsvirkjun.

Samkvæmt 2. gr. II. kafla laganna hefur ríkið meðal annars einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskipti (tæki, taugar, búnað o. þvl.), hvort heldur er til viðtöku, sendingar eða flutnings. Í 3. gr. segir, að ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál, geti heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, er í 2. gr. getur. Enn segir í 10. gr., að Póst- og símamálastjórnin annist framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í II. kafla getur.

Svo sem stefnda heldur fram, hafa félagsmenn stefnanda, þeir er í málinu greinir, ekki fengið leyfi hennar til útvarpsvirkjunar, enda þótt slíkt sé nauðsynlegt eftir hinum tilvitnuðu ákvæðum fjarskiptalaganna til þess að hafa löglega heimild til útvarpsvirkjunar. Eiga þeir því ekki lögmælt tilkall til, að nöfn þeirra verða skráð í atvinnu- og viðskiptaskrá símaskrárinnar undir liðunum „Útvarpsvirkjar“ og „Útvarpsviðgerðir“. Verða því kröfur stefnanda í þessa átt ekki teknar til greina.

Oftnefndir 4 félagar stefnanda öðluðust með meistarabréfum sínum í útvarpsvirkjun titilinn eða nafnbótina „útvarpsvirkjameistari“. Þykja þeir hafa átt rétt á að fá þann titil eða nafnbót skráða með nöfnum sínum í nafnaskrá talsímanotenda í Reykjavík 1954. Og þar sem krafa kom fram í þessa átt, áður en símaskráin 1954 var gefin út, ber að skylda stefndu til, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda, að gefa út viðbót eða leiðréttingu við símaskrána, þar sem orðið „útvarpsvirkjameistari“ verði skráð með nafni hvers ein-

staks oftnefndra manna. Þykir rétt, að dagsektir hefjist 60 dögum eftir lögbirtingu dómsins.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, er allsendis ósannað, að framangreindar óréttmætar aðgerðir stefndu hafi bakað oftnefndum félagsmönnum stefnanda tjón eða álitsspjöll. Verður því skaðabótakrafan ekki tekin til greina.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna embættisanna í sambandi við þingleyfi, er hefjast 1. júlí n. k., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

#### Dómsorð:

Stefndu, Póst- og símamálastjórninni, er skylt að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda, Félags útvarpsvirkja í Reykjavík, að gefa út viðbót eða leiðréttingu við símaskrána 1954, þar sem orðið „útvarpsvirkjameistari“ verði skráð með nöfnum hvers einstaks þeirra, Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Ólafs Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, og hefjist greiðsla dagsekta 60 dögum eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefnda greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu.

Föstudaginn 13. maí 1955.

Nr. 145/1954. **Skapti Davíðsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

**Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur**

(Guðmundur Ásmundsson hdl.)

og

**Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánar-  
bús Davíðs Jóhannessonar** (Enginn).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákvörðun á verðmæti fyrirfram greidds arfs.

#### Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.